



RJÚPNADALUR - DEILISKIPULAG


KIRKJUGARÐUR, BÁLSTOFA OG MEÐFERÐARSTOFNUN

Íbúafundur á auglýsingartíma 27.08.2020











RJÚPNADALUR

KIRKJUGARÐUR OG MEÐFERÐARSTOFNUN

Auglýst tillaga



- SKYRINGAR
- Skipulagssvæði
 - Lóðarmörk
 - Gneftrunarsvæði
 - Byggingarreitir
 - Byggingar
 - Vegur og bílastæði
 - Akæfir stígar
 - Göngustígar
 - Reiðleið
 - Undirgöng
 - Útjónspallur
 - Útsýniskifa
 - Núv. stígar
 - Núv. reiðleiðir
 - Nýjar stígtengingar
 - Spennistöð
 - Rotbró

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð skv. 40. og 41. gr. skúlagssvæði nr. 12/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þann _____ og í bæjarnefnd Garðabæjar þann _____.


Lh. Garðabæjar

Deiliskipulagð tók gildi með börtingu auglýsingar nr. _____ (8-dagð stjórnarráðs).

RJÚPNADALUR - DEILISKIPULAG
SKIPULAGSUPPORTÁTTUR - LOFTMYND

Tillaga		TEKNI NR.	101
KVARD-A1:	1:1500	HAFFAD:	þ/væst
DAGS:	26.05.2020	TEKNIAD:	þ/væst
FLOKUR:	1300-garð_A	TEKNIAD:	þ/væst
SKALA:	19012-DGG.dwg	VERND:	19012

SNID A-A 1:1500



X:\0_VELUR\1300-GARÐA\19012-KIRKJUGARÐUR V SMALHÖLTI\TEKNI\DWG\19012-DGG.DWG







DEILISKIPULAG RJÚPNADALS GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

28.05.2020

Deiliskipulag Rjúpnadals GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR -

Í deiliskipulagi Rjúpnadals er gert ráð fyrir nýjum kirkjugarði fyrir byggðina í Garðabæ en jafnframt er gert fyrir lóð fyrir bálfarastofu og meðferðarstofnun. Hingað til hefur kirkjugarður við Garðakirkju þjónað byggðinni í Garðabæ og á Álfanesi.

Staðhættir

Skipulagssvæðið er í norðausturhallandi hlíð Rjúpnadals og nær út á brún Smalaholts. Hæðarmunur í svæðinu er frá 110 m.y.s. í botni Rjúpnadals upp í 122 m.y.s. á klapparkollum ofan við brún Smalaholts. Halli í svæðinu er vægur eða u.p.b. 5% að jafnaði. Svæðið var áður að mestu afgirt vegna fjarskiptamastra sem þar voru. Gróðurfar innan fyrrum girðingar er að mestu rýr mól og melaflákar en utan girðingar er að svæðið að mestu þakið lúpinu og skógræktarplöntum. Ekki hafa verið gerðar jarðvegsathuganir á svæðinu en gera má ráð fyrir 0-100 cm jarðvegshulu ofan á grágrýtisklopp og að laus jarðvegur sé ýmist jökluðuðingur eða fokmold.

Sökum hæðar í landi má gera ráð fyrir að austlæg vindáttir geti látið fyrir sér finna og að snjóþyngsli og vetrarfærð sé erfiðari þar en neðar í byggðinni.

Engin mannvirki eru innan skipulagssvæðisins nema ummerki um aðkomuleiðir að fjarskiptamöstrum sem þar voru og undirstöður þeirra.

Umferð

Gert er ráð fyrir aðkomuvegi að deiliskipulagssvæðinu frá Elliðavatnsvegi beint á móts við gatnamót inn í athafnasvæði hestamanna á Kjöavöllum. Gert er ráð fyrir krossgatnamótin verði leyst með hringtorgi. Nýr vegur inn á svæðið liggur niður í Rjúpnadal og tengist inn í hringtorg á Austurkór í Kópavogi, en bíl á milli lóða innan bæjarmarka Kópavogs byður upp á þessa tengingu. Ein gata liggur til vesturs frá aðkomuveginum og skapar aðkomu að meðferðarstofnun, kirkjugarði og lóðum fyrir bálfarastofu og minningargarð. Gatan er í bæjarlandi sem og bílastæði fyrir lóðir við götuna.

Svæðið tengist útivistarskógi í hlíðum Smalaholts og tengist inn á útivistarstigakerfi skógarins. Vegna áforma um að leggja af reiðleiðir meðfram Elliðavatnsvegi í átt að Urriðaholti og Hafnarfirði er gert ráð fyrir að gerð verði litið hringreiðgata í kringum kirkjugarðinn og tengist fyrirhuguðum undirgöngum undir Elliðavatnsveg sunnan hesthúsabyggðarinnar á Kjöavöllum.

Skipulag svæðisins

Gert er ráð fyrir 5 lóðum á svæðinu og eru þær eftirfarandi:

1. Lóð fyrir kirkjugarð
2. Lóð fyrir þjónustubýggingar kirkjugarðs
3. Lóð fyrir bálfarastofu
4. Lóð fyrir minningargarð / greftrun duftkerja
5. Lóð fyrir kennileiti / listaverk
6. Lóð fyrir meðferðarstofnun

Lóð 1 – kirkjugarður (38000 m2):

Á deiliskipulagssupprætti er sýnt leiðbeinandi fyrirkomulag stigakerfis og uppskipting greffrunarsvæða. Gert er ráð fyrir að 3ja metra breiðir aðalstigir um garðinn séu malbikaðir og um þá verði heimilt að aka bílum. Stigar á milli grafaraða eru hinsvegar malbornir og óheimilt verði að aka um þá. Ekki er sýnd möguleg skipting milli svæða fyrir duftkerja grafir annars vegar og kistugrafir hins vegar. Fjöldi grafa fer eftir því hvert hlutfall verður á milli duftkerja og kistugrafa. Miklar breytingar hafa orðið þar á undanfarna áratugi og má gera ráð fyrir að greffrun duftkerja verði algengari en kistugrafir innan fárra ára. Algengt er að 2 ker eru grafin í sama reit. Fjöldi fer eftir hlutfalli á milli kistugrafa og duftkerjagrafa og hve oft 2 ker verða sett í sama reit. Rækta skal skjólbelti sem umlykur kirkjugarðinn. Heimilt er að girða garðinn af með allt að 1,5 metra hárrí girðingu og er heimilt að byggja girðinguna sem hálfþetta skjólgirðingu til varnar tíðri austanátt. . Einnig er gert ráð fyrir innri trjabeltum í garðinum til skjóls og yndisauka. Gert er ráð fyrir að garðurinn öðlist hlutverk almenningargarðs eftir því sem gróður skapar skjól, friðsæld og fuglalíf. Því skal við hönnun garðsins gera ráð fyrir áningarstöðum á völdum stöðum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að yta þurfi núverandi lausum jarðvegi ofan af klöpp frá suðri til norður og móta undirlag undir tæplega 2ja m lag af aðfluttri, hreinni og steinlausri mold.

Lóð 2 – Þjónustubyggingar kirkjugarðs (5630 m2):

Á lóðinni er gert ráð fyrir að byggður verði sá húsakostur sem þarf fyrir starfsemi kirkjugarðsins eins og t.d. starfsmannaaðstöðu og áhaldageymslu. Innan byggingarreits er heimilt að reisa eina eða fleiri byggingar allt að 2500 m2 samtals. Hámarkshæð bygginga er 7 metrar á einni til tveimur hæðum. Þakform eru frjálst. Við aðliggjandi götu er gert ráð fyrir 40 stæðum sem samnýtast kirkjugarðinum.

Lóð 3 – bálfararstofa (3750 m2)

Innan byggingarreits á lóð fyrir bálfararstofu er heimilt að reisa allt að 1500 m2 byggingu fyrir starfsemi bálfararstofu / líkbrennslu. Hámarkshæð bygginga er 7 metrar á einni til tveimur hæðum. Þakform eru frjálst. Við aðliggjandi götu er gert ráð fyrir 26 stæðum sem samnýtast minningargarði.

Lóð 4 – lóð fyrir minningargarð (10000 m2)

Í tengslum við lóð fyrir bálfararstofu er gert ráð fyrir minningargarði þar sem heimilt verður að grafa duftker og gróðursetja tré í minningarlundum. Innra fyrirkomulag garðsins er frjálst. Við aðliggjandi götu er gert ráð fyrir 26 stæðum sem samnýtast lóð bálfararstofu.

Lóð 5 – lóð kennileiti / listaverk (1000 m2)

Á hæsta klapparkollinum í austanverðu Smalaholti er mögulegt að reisa listaverk eða kennileitismannvirki sem mun sjást víða að og skapa sjónræn tengsl á milli kirkjugarðsins og byggðarinnar í Garðabæ. Þar verði jafnframt gerður vandaður útsýnis- og áningarstaður, en af hæðinni er mjög viðsýnt yfir nærumhverfið, höfuðborgarsvæðið og allan fjallahringinn. Hámarkshæð kennileitisins er 15 metrar.

Lóð 6 – lóð fyrir meðferðarstofnun (1000 m2)

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingu á 1. hæð allt að 1500 m2 að flatarmáli. Hámarkshæð bygginga er 7 metrar á einni til tveimur hæðum. Þakform eru frjálst. Bilastæði á lóð skulu vera 1 /50m2.

Fráveita, vatnsveita og ofanvatn

Ofanvatn sem fellur á þetta fleti innan deiliskipulagssvæðisins skal streyma að ofanvatnslausnum innan svæðisins. Áhersla er lögð á hreinsun ofanvatns og innsig í jarðveg. Ekki verða lagðar regnvatnslagnir til að taka á móti ofanvatni og því rík áhersla á ofanvatnslausnir.

Garðabær er eigandi skólperfis og vatnsveitu. Allt skólþ skal streyma í lögnum að rotþró, þar sem ekki verða lagðar fráveitulagnir frá nýjum byggingum á svæðinu.

Vatnsveita tengist að deiliskipulagssvæðinu frá vatnsveitukerfi Garðabæjar og lögnum sem staðsettar eru við Elliðavatnsvæg.

Hitaveita og rafmagn

Veitur ohf. eru eigandi hitaveitu og rafmagns á svæðinu. Hafa skal samráð við Veitur ohf. vegna mála sem tengjast hitaveitu og rafmagni á deiliskipulagssvæðinu.

Staðsetning á dreifstöð rafmagns og spennistöðva ákvarðast í samræmi við endanlega hönnun dreifikerfis. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á upprætti.

DEILISKIPULAG RJÚPNADALS

KIRKJUGARÐUR OG MEÐFERÐARSTOFNUN
UMHVERFISSKÝRSLA

SAMANTEKT ÁHRIFA

Skipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Heildarumhverfisáhrif skipulagsins eru metin óveruleg. Í töflu 3.1 má sjá samantekt umhverfisáhrifa.

TAFLA 3.1 Samantekt umhverfisáhrifa.

UMHVERFISÞÁTTUR	VÆGI ÁHRIFA	
Samfélag	+	
Heilsa og öryggi (hljóðvist og lýðheilsa)	+	0
Vatnabúskapur og vatnafar	0	
Landslag og ásýnd	0	
Náttúrufar (gróður og fuglar)	0	
Minjar	0	



Hægt er að senda rafrænar fyrirspurnir (komment) í gegnum Facebook á meðan á fundinum stendur eða með því að senda tölvupóst á netfangið skipulag@gardabaer.is og verður þeim svarað í lok kynningar.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 7. september 2020.
Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is